

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

Hönnum og prentum:

- ☒ Tímarit
- ☒ Blöð
- ☒ Grafljóð
- ☒ Nafnspjöld
- ☒ Reikninga
- ☒ Umslög
- ☒ Plaköt
- ☒ o.m.fl.

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnum@bb.is

OG

JARÐAR

Segir LV reyna að afvegaleiða umræðuna

Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Farm, segir ályktun Landssambands veiðifélaga (LV) um fyrirætlanir fyrirtækisins um eldi í Ísafjarðardjúpi og rekstur stórs eiganda þess, Norway Royal Salmon (NRS), byggða á rangfærslum og misskilningi. LV sendi frá sér fréttatilkynningu

í síðustu viku þar sem meðal annars er gagnrýnt að NRS stundi grænt eldi með ófrjóum laxi í Noregi, en ekki hérlandis. Hann segir að ályktun LV megi skilja sem svo að meginstarfsemi NRS felist í eldi á ófrjóum laxi í Noregi. Það sé alrangt. „Að notkun geldstofna ryðji sér nú mjög til rúms í Noregi eins og fullt



Fjardalax-kvjar. er í ályktun LV virðist því einungis ætlað að afvegaleiða umræðuna,“ segir Sigurður.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 16. febrúar 2017 · 7. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak

Stormur kominn á besta stað í stofunni



Bikarmeistarar-vestra
9. flokkur Vestra með þjálfurum.

Fyrsti titill Vestra

Drengirnir í 9. flokki Vestra gerðu sér lítið fyrir um síðustu helgi og sigruðu val 60-49 í úrslitaleik Maltbikarsins í körfubolta. Fyrri hálfleikur leiksins var jafn og spennandi, en Vestradrengir voru þó yfirleitt skrefinu á undan. Eftir fyrsta leikhlutana var staðan jöfn, 12-12 og þegar að liðin héldu til búningsherbergja í hálfleik var Vestri stigi yfir, 23-24.

Í hálfleik var Ástþór Atli Svalason atkvæðamestur fyrir fyrir Val með 5 stig, 7 fráköst og 2 stoðsendingar.

Fyrir Vestra var það Hugi Hallgrímsson með 5 stig, 9 fráköst og 4 varin skot. Í upphafi seinni hálfleiksins var leikurinn svo áfram í járnum, eftir 3. leikhluta var staðan aftur jöfn 38-38.

Undir lok leiksins tók Vestri svo öll völd á vellinum og kláraði leikinn með miklum glæsibrag. Bræðurnir Hugi og Hilmir Hallgrímssynir voru gott betur en drjúgir fyrir Vestra og skoruðu 43 af 60 stigum liðsins og var Hugi valinn maður leiksins.

Ung bolvísk listakona, Valdís Rós Þorsteinsdóttir, varð þeirrar óvæntu ánægju aðnjótandi að selja sína fyrstu mynd á dögnum, eftir að faðir hennar Þorsteinn Másson birti mynd af henni með verkið „Storm“ á Twitter. Valdís sem iðulega er kölluð Dísu og er nú ára gömul, hefur þrátt fyrir ungan aldur sýnt sérlega góða færni í gerð olíumálverka eftir að hafa á síðasta ári farið að horfa á kennslumyndbönd á YouTube þar sem Bob Ross leiðir áhorfendur í gegnum helstu trixín við svokallaða wet-on-wet tækni. „Við fórum að fíkra okkur áfram eftir þessum myndböndum og Dísu sýndi strax að hún er „natural talent.“ Segir Steini pabbi Dísu í spjalli við blaðamann, en hún hafði mikið teiknað fram að því.

Það var enginn annar en rithöfundurinn Stefán Máni sem keypti myndina. Stefán Máni er myndlistarunnandi og segist strax hafa fallið fyrir myndinni en hann sá hana á Twitter og kannað hvort hún væri föll. „Steini, sem umboðsmaður listakonunnar, stakk upp á vöruskiptum sem hentaði bara þrýðilega en ég samt von á því að verðskrá listamannsins fari hækkandi úr þessu.“ Segir Stefán Máni um listaverkakaupin:

„Við hittumst svo á Grillhús-



Dísu og Stefán Máni er þau skiptust á verkum.

inu og bíttuðum á verkum. Ég fékk málverkið og Valdís fékk árituð eintök af Svartagaldri og Döprustu stúlku í öllum heiminum. Það var mjög gaman að hitta þau feðgin. Steini er mikið ljúfmennt og Valdís Rós jafnsæt og krúttleg og hún er klár. Held að framtíðin sé hennar, hvað sem sem hún mun taka sér fyrir hendur. Myndin er kominn upp á vegg á besta stað í stofunni heima hjá mér. Ekki amalegt að vera með Vestfirsku sjávarmynd fyrir augunum alla daga!“ Vestfirskra tengla gætir í þeim verkum sem skipst var á, stormurinn sem stundum ýfir hafflötinn við Vest-

firði í verki Dísu og í Svartagaldri er súðvíski lögreglumaðurinn Hörður Grímsson í aðalhlutverki.

Unga listakonan er högvær og ekkert mikið fyrir að ræða heiðurinn að sögn föður hennar, en hann segir að hún sé þó afar ánægð með sölu á Stormi. Dísu getur strax sest við lesturinn á Döprustu stúlkunni í öllum heiminum, en Svartigaldur bíður betri tíma og segir Steini að hún muni eflaust kunna að meta hana þegar hún verður eldri, en líkt og flestir vita er Stefán Máni hve þekktastur fyrir skrif á glæpasögum af myrkari sortinni.

annska@bb.is

HAMRABORG
Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166

HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C
með hangikjöti og salati

HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C
með roastbeef

HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C
með kjúklingasalati

HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C
með rækjum og eggjum

alltaf nýsmurt



Útgefandi: Athafnagæði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Einkavæðing banka

Það var hnúpin þjóð sem tókst á við bankahrunið árið 2008, óskað var eftir liðsinni Guðs við björgun búsins á sínum tíma en við unnum okkur upp úr þessu sjálf. Auðvitað lögðu ekki allir jafnmikið af mörkum, örorku- og ellilífeyrir skertur, sjúklingar biðu aðeins lengur eftir þjónustu (margir reyndar dóu meðan þeir biðu), íbúðaeigendur greiddu hærri vexti, leigjendur hærri leigu, þannig að jú, flestir lögðu eitthvað til. Sumir fóru reyndar með sparigrísinn sinn til Tortólu og hennar fjölskyldu og földu hann þar, tryggilega meðan skuldarnar á klakanum voru afskrifaðar og þrautpíndur landinn vann myrkurana á milli. Smátt og smátt hefur stöðu aur verið potaður úr grísum og sendur heim með afslætti því hægt var að kaupa upp heimili fólks á spottprís eftir hrúnið og nú má leigja þau aftur á uppsprengdu verði.

Það er engum blöðum um það að fletta að einkavæðing bankanna á sínum tíma var ekki framkvæmd með hagsmuni almennings að leiðarljósi, veiking eftirlitsstofnana ekki heldur. Núna vill sama fólk einkavæða bankana aftur, er það furða þó um mann fari hrollur. Rannsókn á einkavæðingunni hefur ekki farið fram, hvernig getum við þá varist að aftur fari allt á sama veg. Á alþingi er fullt af nýjum og áhugasömum þingmönnum en hafa þeir bein í nefinu til að standa vörð um hagsmuni almennings eða ætla þeir að fylgja höfuðpaurnum í blindni.

Enn liggja skipin bundin við bryggju og þúsundir starfsmanna fiskvinnslu hafa verið skráðir á atvinnuleysisráði. Handhafar fjöreggsins og þær vinnandi hendur sem vinna úr því verðmæti eru ekki sammála um hvernig arðinum skuli skipt. Það liggur þó fyrir að þetta gengur ekki lengur en það er huggun harmi gegn að ráðherra sjávarútvegsmála þvertækur fyrir að sameiginlegur sjóður landsmanna greiði laun sjómanna, það hlýtur að vera hlutverk þeirra sem reka fyrirtækin. Það getur ekki talist ábyrg meðferð fjármuna né sanngjörn gagnvart öðrum fyrirtækjum að grípa inn í þessa deilu með sértækum ívilnunum til handa útgerðamönnum.

Bæjarins besta hefur aðeins braggast á þorranum og með hækkanði sól fara hlutirnir að gerast, Góan á næstu grösum sem og bollu- og sprengidagur. Þetta getur ekki klikkað.

BS



Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði.

Ráðgera diplómu- nám á Ísafirði

Háskóli Íslands kannar nú möguleikana á betra aðgengi að diplómanámi í leikskólakennarafræðum í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og Ísafjarðarbæ. Samstarfið felur einna helst í sér að nemendur af svæðinu þurfa ekki að fara í eins margar staðlotur suður og tíðkast, heldur munu kennarar koma vestur og kenna í Háskólasetrinu. Jafnframt mun Ísafjarðarbær auðvelda starfsmönnum sínum að taka

þátt í þessum lotum.

Til að hægt sé að fara af stað með verkefnið er gerð krafa frá Háskóla Íslands að hið minnsta 7–8 nemendur séu skráðir. Þeir sem hafa áhuga á náminu eru því hvattir til að hafa samband við kennslustjóra Háskólaseturs sem fyrst.

Um er að ræða 120 ECTS nám (2 ár) sem er bæði fræðilegt og starfstengt. Meginmarkmið námsins er að undirbúa nemendur fyrir starf í leikskóla og

samstarf í starfsmannahópi leikskóla. Jafnframt er áhersla lögð á að nemendur hljóti fræðilega og starfstengda þekkingu á uppeldi og menntun leikskólabarna og þjálfun í að beita henni. Að námi loknu hljóta nemendur starfstílinn aðstoðarleikskólakennari.

Bent skal á að ekkert er því til fyrirstöðu að halda áfram námi eftir að diplómanáminu lýkur og telja einingarnar inn í bakkalár gráðu í leikskólakennarafræðum.

Stefnir í óefni í málefnum MÍ



Það stefnir í óefni í rekstri Menntaskólans á Ísafirði en fjárfraðlög til skólans fara minnkandi samhliða færri nemendum. Frekari fækkun nemenda mun að óbreyttu leiða til fábreyttara námsframboðs og þá mun skólinn ekki geta innritað alla þá nemendur sem útskrifast úr grunnskólum á svæðinu, eins og honum ber þó að gera samkvæmt lögum. Þetta kemur fram í bréfi Jón Reynis Sigurvínssonar skólameistara til menntamálaráðuneytisins. Við blasir að nemendum skólans í dagskóla mun fækka nokkuð fram til 2020 og kemur þrennt til: Í fyrsta lagi vegna stöðugrar fækkunar íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Í öðru lagi vegna styttingar framhaldsskólans í þrjú ár. Þetta mun leiða til enn frekari fækkunar

frá og með 2018 en þá munu þeir nemendur sem eru nú á 2. ári bóknáms útskrifast. Í þriðja lagi hafa nemendur eldri en 25 ekki verið innritaðir í bóknám frá vörðinn 2015 nema pláss sé í hópum.

Þingmönnum kjördæmisins hefur verið gert kunnugt um stöðu og framtíðarhorfur skólans með bréfi skólameistara, Jónu Benediktsdóttur, formanns skólaneftdar MÍ og Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Í bréfinu er lýst þungum áhyggjum af stöðu skólans og er óskað liðsinnis þingmanna til að sjá til þess að skólinn geti haldið stöðu sinni sem einn af burðarásunum í samfélaginu á norðanverðum Vestfjörðum.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BONUS

skilar til viðskiptavina
ólöglegri gjalddöku ríkisins við útboð á
kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti*

398
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



1.198
kr. 900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g

GOTT VERÐ Í BÓNUS



398
kr. 1 kg

Eggjahvítur
1 kg



1.398
kr. kg

Stjörnugrís Bóna beikon
Meira kjöt - Minni fita



59
kr. 420 g

Bakaðar baunir
420 g



395
kr. pk.

Stjörnugrís Pepperoni
180 g



259
kr. 55 g

Barebells Próteinbar
55 g, 3 tegundir



398
kr. 420 g

Bónus Próteinbrauð
420 g



98
kr. 0,5 l

Pepsi, 0,5 l
Pepsi Max, 0,5 l



298
kr. stk.

Fatarúlla
95 límblöð



898
kr. kg

KS Lambabógur
Frosinn

**LÁGT VERÐ
ALLA DAGA**

BONUS EKKERT BRUÐL

Kristín bætir við sig gullum



Kristín sátt með gullið í 50m baksundi. Mynd af Fésbókarsíðu sundkonunnar.

Sundkonan Kristín Þorsteinsdóttir keppti um síðustu helgi á Malmö open í Svíþjóð. Kristín, sem nýlega hampaði titlinum íþróttamaður Ísafjarðarbæjar, fjórða árið í röð, sýndi þar og sannaði að hún er hvergi nærri af baki dottin og landaði þar þrennum gullverðlaunum. Kristín hélt utan á föstudag ásamt þjálfara sínum, Svölu Sif Sigurgeirsdóttur og móður sinni og sérlegum aðstoðarmanni, Sigríði Hreinsdóttur. Á laugardag keppti Kristín í 50m flugsundi og tók þar gullið í flokki DS. Hún synti á tímanum 42,42 sem er 2,01 sek bætning frá því að hún synti þessa grein síðast í jafnt langri laug og stakk hún aðra keppendur af þar sem 13 sekúndur voru svo í 2.sætið.

Á öðrum degi mótsins var 100m baksund fyrst á dagskrá, sunnið sem var annars gott, var gert ógilt eftir að hún snéri sér of snemma inn í snúninginn eftir 2 ferðir, sem sundkonan var, líkt og gefur að skilja afar ósátt með. Kristín hélt svo sigurgöngu sinni á sundbrautinni áfram eftir hádegðið er hún landaði fyrst gulli í 50m skriðsundi er hún synti á tímanum: 37.27 og síðan í 50m baksundi er hún kom fyrst í mark á tímanum: 47.88.

Í pistli sem þjálfari hennar



Kristín, Svala Sif og Sigríður í ferðalaginu á föstudaginn. Mynd af Fésbókarsíðu sundkonunnar.

Svala Sif skrifaði á Fésbókarsíðu sundkonunnar Kristínar segir að keppni lokinni hafi tekið við hvíld og dekur fram á þriðjudag er þær stöllu sneru aftur heim.

Malmö OPEN er alþjóðlegt íþróttamót fatlaðra í Malmö. Mótið er eitt það stærsta sinnar

tegundar í Evrópu og hefur það verið haldið allar götur frá árinu 1977. Hefur það vaxið að vinsældum og umfangi síðan, bæði er viðkemur keppnisgreinum og þátttakendafjölda, en þar keppa nú á þriðja þúsund keppendur í 18 íþróttagreinum.

annska@bb.is



Orkubú Vestfjarða

ÚTBOÐ

Orkubú Vestfjarða óskar eftir tilboðum í lagning jarðstrengja frá spennistöð (Orkubús Vestfjarða) á Skeiði í Dýrafirði inn að munna væntanlegra Dýrafjarðarganga, sem er um 5 km innan Dýrafjarðarbrúar.

Helstu magnbólur:

Skurðgröfur 11,5 km, ásamt söndun og frágangi.

Niðurlögn á 11,5 km af 11 kV 3x240 mm² jarðstreng

Niðurlögn á 4,1 km af 11 kV 3x50 mm² jarðstreng

Niðurlögn á 0,6 km af 35 mm² jarðvír

Áætluð verklok eru 1. ágúst 2017.

Frá og með **13. febrúar 2017**, verða útboðsgögn í rafrænu formi afhent frá skrifstofu Orkubús Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1, 400 Ísafjörður.

Upplýsingar gefur innkaupastjóri, Gylfi Guðmundsson, gg@ov.is.

Tilboð skulu berast Orkubúi Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, fyrir **kl 14:00 þriðjudaginn 7. mars 2017**, og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda, er óska að vera viðstaddir.

Orkubú Vestfjarða ohf.



Vá Vest leggst gegn áfengisfrumvarpinu

Vá Vesthópurinn lýsir yfir andstöðu við frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum. Hópurinn telur einsýnt að í breytingunum felist aðför að þeim góða árangri sem náðst hefur hér á landi í forvarnastarfi, sem m.a. hefur komið fram í niðurstöðum kannana meðal ungs fólks á vegum Rannsóknar & greiningar, undanfarna tvo áratugi. Þetta kemur fram í umsögn Vá Vest um frumvarp um að heimila sölu áfengis í matvöruverslunum. Í umsögninni segir að árangur Íslendinga í forvarnamálum sé ekki sjálf-sagður. Hópurinn telur að þessi árangur sem margar aðrar þjóðir vildu státa af hafi orðið til með tvennum hætti. Annars vegar því forvarnastarfi sem Íslendingar hafa þróað og hins vegar heftu aðgengi ungmenna

að áfengi í samræmi við gildandi áfengislög.

„Núverandi dreifingar-aðili, ÁTVR, hvetur ekki til aukinnar sölu áfengis. Það er engin ástæða til að ætla annað en að einkaaðilar færu eins með sölu á áfengi og öðrum vöruflokkum sem verslunin hefur upp á að bjóða. Þar myndu lögmál markaðarins ráða. Þá er rétt að benda á að í flestum matvöruverslunum landsins, ekki síst í dreifðum byggðum, eru oft á tíðum ungmenni við afgreiðslu.“ segir í umsögninni.

Vá Vesthópurinn er hópur fagaðila á norðanverðum Vestfjörðum sem hefur verið að störfum undanfarin 20 ár. Hlutverk og markmið hópsins er að sinna og stýra vímuefnaforvörnum á norðanverðum Vestfjörðum.

Matvælastofnun leitar að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings í opinbert eftirlit með fiskeldi og sjávarafurðum á Vestfjörðum. Um fullt starf er að ræða og krefst starfið ferðalaga um Vestfirði sem og til annarra landssvæða. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfnikröfur

- Krafa um háskólagráðu í matvælafræði, líffræði, fiskeldisfræði eða sjávarútvegsfræði
- Haldbær þekking og reynsla af vinnu við fiskeldi eða sjávarútveg
- Þekking á HACCP aðferðafræðinni
- Reynsla af opinberu eftirliti er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirlit með búnaði, rekstri og umhverfispáttum í fiskeldi
- Eftirlit með fiskiskipum, aflameðferð og fiskvinnslum
- Önnur tengd sérfræðistörf

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hjá stofnuninni starfa 90 starfsmenn.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður Neytendaverndar, í síma 530 4800. Umsókn skal fylgja prófskírteini, ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir því hvernig umsækjandi uppfyllir hæfnikröfur. Umsóknir skal senda í tölvupósti á netfangið **starf@mast.is** merkt „Fiskeftirlit Vestfirðir“.

Umsóknarfrestur er til og með **27. febrúar** n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

www.mast.is



**FRÍR FLUTNINGUR Á LEGSTEINUM UM LAND ALLT
15% AFSLÁTTUR AF STEINUM Í FEBRÚAR OG MARS**

BYGGT Á ÁRATUGA REYNSLU


LEGSTEINAR / STUÐLABERG / SALTLAMPAR



Steinsmiðja Akureyrar - minnismerki.is - sala@minnismerki.is

Sími 466 2800 - gsm 899 9370

Umhverfisnefnd GÍ tekur matarsóun fyrir



Nemendur í umhverfisnefnd með niðurstöður matarsóunarkannanna. Mynd af heimasíðu Grunnskólans á Ísafirði.

Í Grunnskólanum á Ísafirði er starfandi umhverfisnefnd sem sex nemendur á unglingastigi ásamt sex kennurum skipa. Fyrir í vetur stóð umhverfisteymið fyrir fræðsluverkefni um matarsóun. Verkefnið hófst með því að kennarar í umhverfisteyminu

gerðu leynilega könnun í mötuneyti skólans þar sem fylgst var með því hversu miklum mat nemendur í fjórum yngstu bekkjunum hentu í lok máltíðar. Mælingarnar stóðu yfir í eina viku og voru allar niðurstöður skráðar. Að því loknu tóku unglingarnir

í umhverfisnefndinni til starfa. Þau settu saman fræðsluefni og fóru skipulega í alla bekk á yngsta stigi. Fræðslan miðaði að því að útskýra fyrir yngri börnunum hvernig hægt væri að minnka eða jafnvel koma alveg í veg fyrir matarsóun. Einnig



Þessir strákar voru duglegir að klára af diskunum sínum. Mynd af heimasíðu Grunnskólans á Ísafirði.

komu unglingarnir aðeins inn á skynsamlega notkun á pappír og sápu.

Eftir fræðslu unglinganna var gert samkomulag við starfsfólk mótuneytisins og var þá nákvæmlega sami matseðill hafður í eina viku og hafði verið er könnunin var gerð. Aftur voru allar matarleifar mældar og nú með vitneskju nemenda. Fræðsla

unglinganna virðist hafa skilað sér vel því mikill munur var á niðurstöðum milli mælinganna í öllum árgöngum. Að því loknu kynntu svo unglingarnir niðurstöðurnar fyrir yngri börnunum og hengdu þær upp fyrir framan stofur barnanna.

Frá þessu var greint á heimasíðu Grunnskólans á Ísafirði.

annska@bb.is



Lægra verð í Lyfju

CLINIQUE

Clinique dagar í Lyfju Ísafirði

Clinique dagar í Lyfju Ísafirði 16. - 22. febrúar. Kaupauki fylgir ef verslaðar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr eða meira.

Sérfræðingur frá Clinique verður á staðnum 16. og 17. febrúar.

Kaupaukinn inniheldur:

- Superdefense dagkrem
- Body butter
- Milda hreinsisápu fyrir andlit
- Augnskugga pallettu
- Bleikan varalit
- Svartan maskara
- Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast.

Verðlækkun vegna tolla- og gengisbreytinga

20% afsláttur af Clinique vörum



Nýtt

Superbalanced Silk Spf 15

Með þessum nýja farða verður húðin mjúk eins og silki. Tilfinningin er eins og að vera farðalaus. Gefur húðinni raka þar sem þarf, mattar þar sem þarf. Farðinn gefur léttu til miðlungs þekju og náttúrulegt matt útlit.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Lyfja.is

SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT

14 DAGA ENDURGREIÐLSUFRESTUR

EINFALDARA GETUR ÞAÐ EKKI VERIÐ



Skór.is
netverslun

Vestfirskir listamenn

– Halla Eyjólfsdóttir –



Bóndakonan, ljóðskáldið og náttúruunnandinn Halla frá Laugabóli

Þörfina fyrir að skapa fá líklega allir menn í vöggugjöf svo er bara spurning hvernig sköpunin brýst út. Vissulega getur það verið á ótal vegu; sumir syngja meðan aðrir leika og enn aðrir yrkja. Þegar svo við bætist að fá einhverja list í sig þá verður það bara að gjörast, annað er ekki í boði. Þó vissulega séu sumir sem hleypa listinni ekki út meðan aðrir taka flugið okkur listunnendum til mikillar ununnar. Okkar vestfirski listamaður gjörði það svo sannarlega og bókstaflega:

*Mig langar að fljúga og fljúga svo hátt,
að fjöllin mér hverfi og allt sem er smærri,
þá nyti ég lífsins og léki mér datt ...*

Þannig orti skáldkonan Halla Eyjólfsdóttir eða Halla frá Laugabóli einsog hún er betur þekkt, í einu öndvegisljóða sinna. Víst fékk hún vænan skammt af sköpun enda listin sannarlega í ættinni og þá einkum skáldlistin. Með pennum á borð við systurnar Herdísi og Ólínu Andrésdætur, Theódóru Thoroddsen og síðast en ekki síst Matta frænda Jochumsson. Hún skrifaðist á við þjóðskáldið

frá Skógum og kallaði hann Höllu alltaf „systur“ í bréfum sínum. Ekki amalegt fyrir unga skáldkonu að geta sent kvæði sín til álits og skáldakrufningar hjá stórskáldinu enda gaf hann sinni „systur“ góð ráð og ekki síður hvatningu. Bæði sérlega mikilvægt hverjum listamanni og í raun á hvaða feril-og æviskeiði sem er. Það er jú ávallt hægt að bæta sig og orð þeirra er lengur hafa listast skal allavega vel ígrunda. Matti gjörði svo enn betur þegar hann skrifaði ritdóm um fyrri ljóðabók frænku sinnar í blaðið Lögrétta.

Þetta tvennt sem Halla hafði svo ríkulega fengið í sitt höfuð, listin og sköpunina, braust snemma út því hún ku hafa ort sitt fyrsta kvæði 11 ára að aldri. Alin upp í fallettri sveit í Gilsfirði hvar náttúran getur ekki annað en heillað þig og ekki má gleyma svönum sem virðast þar eiga sitt höfuðból. Enda birtist öll þessi feegurð og svanirnir sem lyftu penna hennar og fylltu auð blöðin af dásamlegum ljóðum sem enn lifa með þjóðinni. Hitt vita hinsvegar færri að Halla var einnig

afbragðs leikari og þótti sérlega góð í eftirhermulistinni. Það var því sannarlega brumandi sköpun og list í blóði hennar. Einnig er rétt að geta þess að tveir af bræðrum hennar áttu eftir að spreyta sig á skáldskapnum með ágætis árangri. Þeir Guðmundur Geirdal og Hreiðar E. Geirdal.

Eina vandamálið fyrir þá sem hafa fengið hinar ríkulegu gjafir sköpunnar og listar er að finna tíma til að hleypa þessu út. Víst voru frítímar fáir hjá bóndakonunni Höllu en sem betur fer náðist að nota marga þeirra í skáldatíma. Straumhvörfín á listaferli hennar er sannlega þegar hinn listræni læknir og tónskáld Sigvaldi Kaldalóns varð nágranni Höllu í Ísafjarðardjúpi. Snemma tókust upp góð kynni þeirra á millum enda bæði miklir náttúru- og listunnendur. 30 kílómetrar voru á millum þeirra en þó hittust þau oft. Ósjaldan settist Sigvaldi við klaverið hjá Höllu á Laugabóli. Renndi í gegnum eitthvort lag og í lok þess sagði hann: Æi Halla, mig vantar svo einhvern texta við þessa lagaómynd mína. Getur þú ekki sett í eitthvað? Húsfreyjan kímði og jafnvel roðnaði. Sagðist ætla að sjá til en fyrst fengu þau sér kaffi og með því. Hálf tíma síðar hafði hún ritað texta á blað við áður textalaus lagið hans Sigvalda. Samstarf þeirra var einstakt og er eitt það best heppnaði í hinni



Halla við klaverið, nú vantar bara Sigvalda.

**F. 11. ágúst 1866 að Múla Gilsfirði.
D. 6. febrúar 1937 í Reykjavík.
Öndvegisverk: *Svanurinn minn syngur,
Mig langar að fljúga, Endurminning.***



Þrátt fyrir lítinn skáldatíma urðu ljóðabækurnar tvær.

vestfirsku listasögu.

Ljóð Höllu við lög Sigvalda, sem var þó stundum á hinn veginn að ljóðið kom á undan laginu, eru fjölmörg. Það þekktasta er án efa *Endurminning* sem hefst á orðunum: Ég lít í

anda liðna tíð. Það eru vissulega þessi ljóðaverk Höllu sem hafa haldið nafni hennar á lofti í hinum íslenska listheimi og munu án efa gjöra það um ókomna tíð. Ljóðabækur hennar eru tvær og er vert að hvetja lesendur til að kynna sér þær og opna þannig stærri ljóðaheim skáldkonunnar Höllu frá Laugabóli.

Þegar Halla var 18 ára féll móðir hennar frá og þá varð stúlkan að taka við móðurhlutverkinu á bænum. Þó ekki lengur en í tvö ár en þá réð hún sig að Laugabóli við Ísafjörð sem vinnukona. Bóndasonurinn þar á bæ Þórður nokkur Jónsson gekk síðan að eiga vinnukonuna. 14 urðu börnin en þrjú misstu þau úr barnaveiki og það á sama árinu. Þórður féll óvænt frá langt fyrir aldur fram. Þrátt fyrir það hélt Halla áfram búskap á Laugabóli að miklum rausnarskap. Hún gekk síðar að eiga Gunnar Stein Gunnarsson og bjó með honum allt til æviloka. Eigi er hægt að skilja við Höllu nema að geta garðanna þriggja er hún gerði. Blómagarð er hún nefndi Gleym mér ei, matjurtargarð og loks fjöskyldugrafreitir hvar hún sjálf fékk hinstu hvílu.

Elfar Logi Hannesson

Aðalheimild:
Guðfinna M. Hreiðarsdóttir.
Svanurinn minn syngur, 2008.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Nýtt Húsasmiðjublað
er komið út

SÚPER

TILBOÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Electrolux

PÚ SPARAR: 16.910 KR

Pvottavél FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690

54.900 kr
~~64.990~~

Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Electrolux

PÚ SPARAR: 13.000 KR

Purrkari EDE 1072 PDW
Með barka, 7 kg, með
rakaskynjara.
1805643

39.990 kr
~~52.990~~

Electrolux

SÚPER TILBOÐ

5.990 kr
~~8.890 kr~~

Handþeytari m/skál
ESM1250
1840151



Electrolux

SÚPER TILBOÐ

6.590 kr
~~9.590 kr~~

Blandari ESB2300
1.5 ltr., 450W. Glerkanna.
1840155



20% afsláttur

JOTUN NYHET

VEGG&TAK 2i

3 ltr

SÚPER TILBOÐ

2.390 kr
~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83

blómaval

KONUDAGUR

í Blómavali



Konudags-
vöndur
4.990 kr



-49%

Túlípanar
10 stk.

1.190 kr
~~1.990 kr~~



Byggjum á betra verði



VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ
ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



Sportið í beinni

fimmtudagur 16. febrúar

17:55 B. M'gladb. - Fiorentina
17:55 Gent - Tottenham Hotspur
19:05 Stjarnan - Þór Þ.
20:00 Golf - PGA Tour
20:00 Man. Utd. - Saint Etienne
20:00 Villarreal - Roma
04:00 Golf - LPGA Tour

föstudagur 17. febrúar

19:25 Augsburg - B Leverkusen
19:40 Granada - Real Betis
19:45 Þór Akureyri - KR
20:00 Golf - PGA Tour
22:00 Domino's körfuboltakv.
04:00 Golf - LPGA Tour

laugardagur 18. febrúar

12:00 Breiðablik - Stjarnan
12:20 Burnley - Lincoln City
14:25 H Berlin - B Munchen
14:50 Huddfd Town - Man City
16:20 Skallagrímur - Snæfell
17:20 W Wanderers - Chelsea
18:00 Golf - PGA Tour
18:30 FE - Buenos Aires
04:00 Golf - LPGA Tour

sunnudagur 19. febrúar

13:50 Fulham - Totth Hotspur
16:05 Blackburn Rovers - Man Utd
18:00 Golf - PGA Tour
19:40 Barcelona - Leganés
19:05 Grindavík - Keflavík
01:00 NBA All-Star Game
02:00 Golf - LPGA Tour

mánudagur 20. febrúar

19:45 Sutton United - Arsenal
19:05 Tindastóll - Stjarnan
19:55 Newcastle - Aston Villa
21:00 Domino's körfuboltakv

þriðjudagur 21. febrúar

19:30 B Leverk - Atl Madrid
19:30 Man City - Monaco
21:45 Meistaramörkin

miðvikudagur 22. febrúar

16:55 St Etienne - Man. Utd.
17:40 Valencia - Real Madrid
19:30 Sevilla - Leicester City
19:30 Porto - Juventus
19:05 Stjarnan - Skallagrímur
21:45 Meistaramörkin

Helgarveðrið

Á föstudag:

Austlæg átt 8-15 og slydda eða rigning. Hægari og úrkomulítið norðantil fram yfir hádegi, en síðan dálítil slydda eða snjócoma. Hiti yfirleitt 0 til 6 stig, mildast syðst.

Á laugardag:

Norðaustan 5-10 og el norðantil, en þurrt að mestu fyrir sunnan. Hæglætisveður og víðast þurrt síðdegis. Kólnar lítið eitt í veðri.

Á sunnudag:

Norðaustlæg átt, snjócoma og vægt frost um landið norðanvert, en vestlæg átt og rigning fyrir sunnan og hiti 0 til 5 stig.

Krossgátan

				FORN- GYÐINGUR	UPP- SKRIFT	FEIKN	SAMTÖK		ÞREYTA	FIÐUR
				VELMEGUN						
				STYRKJA				TVEIR EINS RÍKI Í M-AMÉRÍKU		
				AUGNHÁR			ÞESSI MJÓLKVI			
				FRUM- DRÆTTIR					ÓNEFNDUR	BLÓM
				SNÍKJUR						
	↓	AF- FERMING	BEKKUR UTAN			LOFT- STRAUM STAÐFESTA				
LANGIN- TES						SJÓNAR- VOTTA HELST				
MAN					HESTUR LÍKA				BAND	
Í RÖÐ			HLIÐ LÓ					LJÓMI ÆTÍÐ SUND		
Í VIÐBÓT				ÁGISKUN ÁTT						
SÆLA					HRÓPA FISKUR					AUKA
		ÁTELJA HEILAN				UPPNÁM MIÐJA				
YFIR- BREIÐSLA				HÓFDÝR EI				SVALL	LÍÐ- ORMUR	
Á FÆTI			BAUN BÓK- STAFUR				SKJÖGUR TÆKIFÆRI			
ELDHÚS- ÁHALD						FÁNI				
NES						RÖLTA				
SPYR					MASTUR					

ENDURSKOÐUN
 VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
 upplýsingar um
 réttindi og kjör
 á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Á döfinni – Viðburðadagatal

Viðburðadagatal Bæjarins besta er nýr farvegur til að koma upplýsingum um menningarviðburði eða fundi á framfæri við íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Hvar og hvenær það er sem skiptir máli og á vefnum má svo finna ítarlegri upplýsingar um viðburðina.

				fim. 16. feb.  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 17. feb.	lau. 18. feb. Stórtónleikar Tónlistarskóla Ísafjarðar í tilefni af Degi tónlistarskólanna, í Ísafjarðarkirkju kl. 14:00.
sun. 19. feb.	mán. 20. feb.	þri. 21. feb.	mið. 22. feb.	fim. 23. feb.	fös. 24. feb.	lau. 25. feb. Vinir í von
sun. 26. feb.	mán. 27. feb.	þri. 28. feb.	mið. 1. mars	fim. 2. mars  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 3. mars	lau. 4. mars
sun. 5. mars	mán. 6. mars	þri. 7. mars	mið. 8. mars	fim. 9. mars	fös. 10. mars	lau. 11. mars Vinir í von
sun. 12. mars	mán. 13. mars	þri. 14. mars	mið. 15. mars	fim. 16. mars  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 17. mars	lau. 18. mars
sun. 19. mars	mán. 20. mars	þri. 21. mars	mið. 22. mars	fim. 23. mars	fös. 24. mars	lau. 25. mars Vinir í von

Lausn á síðustu krossgátu



			TVÍSÝNA	VAGGA	TIGNA		KVERK	BEN	AFLAGA		
			ÓGÆTINN	Ó	V	A	R	K	Á	R	
			TRYGGING	V	E	Ð	STYRKAR-SPYTA MEGA TIL	O	K	I	
			VONSKA	I	L	L	S	K	A	Ð	
			EINING	S	T	A	K	TVEIR EINS GÖL	L	L	
			SAMTÖK ÓBAGOT	S	A	FUGL HEILAN	U	G	L	A	
	↓	HALLMÆLA	HRÖP								
DRALLA	S	L	Ó	R	A	FÖSTRA SKARÐ	A	L	A	GJAMMA ANGAR	
GLATA	T	A	P	A	LJÓRI RISSA	G	L	U	G	G	I
Í RÖÐ	R	S	TOGVINDA MJÖG	S	P	I	L	HLAUP FANGI	G	E	L
SÖÐA	A	T	A	STREITA FLAT-ORMUR	Á	L	A	G	RÖMVERSK TALA PRETTUR	L	M
VERKFERI	N	A	F	A	R	STINGA ALDRI	N	Í	S	T	A
	D	TEMUR HNETA	A	G	A	R	ÁLIT BÚA UM	S	V	A	R
BAKKI	B	A	R	Ð	ÁVÖXTUR ÁN	E	P	L	I	TUNNUR	ÓVÆTTUR
KLAFI	O	K	STÆKKA GLÁP	A	U	K	A	MAK ÞUKL	K	Á	M
TÆKIFÆRI	L	A	G	TÍF ÁTT	T	I	K	K	SKÖLI TVEIR EINS	M	A
GNÆFA YFIR	T	R	Ó	N	A	GLAÐUR	K	Á	T	U	R
ÚT	I	N	N	A	N	HINDRA	A	F	T	R	A

Dagar Íslands

18. febrúar 1910:
Tuttugu manns fórust í snjóflóði á Búð í Hnífsdal.

19. febrúar 1976:
Ísland sleit stjórnmálambandi við Bretland vegna deilunnar um fiskveiðilögsögu Íslands.

20. febrúar 2011:
Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands synjaði lögum um lcesavesamning við Bretland og Holland staðfestingu öðru sinni.

Sudoku þrautir

	9	8						7
6						9		
4					3			5
1	5			2	8	7	9	
	4		3	7		1	5	6
	3	9			5	4		
	6	7		8		5		4
					4	2	1	9

	1		3	9	6	8		7
		3	5	8		2		
	7		2			9	3	
1				2	3	4	6	
8		9	7	6	5	1		
					1		9	
3	8	1						
	6		1	7	2			
	2	4	6			5	1	9

Þjónustuauglýsingar

Auglýsingasími bb.is
er **456 4560**





MJÚKÍS ÁRSINS 2017

Mjúkís



— MED —
PISTASÍUHNETUM

1 L



Mjúkís ársins 2017 er klassískur pistasíúis. Rjómakennnd áferð og mildur hnetukeimur einkenna þennan ís sem nýtur sín vel bæði einn síns liðs og með öðrum Mjúkísnum.